

**203. fundur stjórnar Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar,
föstudagurinn 16. desember 2016.**

Fundarmenn:

Stjórnarmenn: Bjarni Th Bjarnason, Steinunn María Sveinsdóttir og Þórunn Sif Harðardóttir
Fjarverandi: Unnar Jónsson, Snorri Finnlaugsson, Silja Dögg Baldursdóttir og Þróstur Friðfinnsson

Starfsmenn: Baldvin Valdemarsson, Sigmundur Einar Ófeigsson og Elva Gunnlaugsdóttir (ritaði
fundargerð)

1. Undirritun fundargerða

Fundargerð síðasta fundar, fundur 202, undirrituð

2. Raflínur og svæðisskipulagsnefnd

Í nýrri kerfisáætlun Landsnets sem kynnt var 29. nóvember er Hólasandslína 3 (Krafla-Rangárvellir) tekin fram fyrir Blöndulínu 3 (Blanda-Rangárvellir). Greinileg hreyfing komin á raflínu og orkumál hér á svæðinu og fagnar stjórn því. Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar kom saman í síðustu viku og verður vinna nefndarinnar vistuð samkvæmt nánara samkomulagi hjá AFE.

3. Samskipti við Eyþing

Stjórn Eyþings tók þá ákvörðun um að semja ekki við AFE um úthlutun uppbyggingasjóðs en þetta felur í sér tekjuskerðingu fyrir AFE.

Framkvæmdastjóri leggur fram tillögur að hækkan á næsta stjórnarfundi og í framhaldinu verða sveitarfélögunum send bréf.

4. Hlutafjáruaukning í þekkingaverði

AFE hefur unnið að fjárhagslegri endurskipulagningu í félagi í eigu HA og fleiri aðila. Framkvæmdastjóri óskar eftir heimild til að taka þátt í hlutafjárhækkun félagsins. Stjórn samþykkir endurskipulagninguna og hlutafjáruaukningu allt að 30 þ.kr. samhljóða

5. Fundardagskrá

Næsti fundur verður 9. janúar 2017 og þá verður meðal annars lagt fram fundaráætlun fram á vor.

6. Haustfundur AFE

Fundarmenn eru ánægðir með fyrirkomulag haustfundarins og vilja halda því áfram. Umræða var um að halda um miðjan september á næsta ári. Einnig stefna á að halda aðalfund félagsins í byrjun apríl.

7. Önnur mál

Ekki fleira rætt, fundi slitið kl. 17:00

Næsti fundur verður 9. janúar kl. 16.15

Bjarni Th. Bjarnason
Þórunn Sif Harðardóttir
Elva Gunnlaugsdóttir